# N1 hf.

# Samandreginn árshlutareikningur

## 1. janúar til 30. júní 2014

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........................................ 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........................................ 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........................................ 5

Efnahagsreikningur ........................................ 6

Eiginfjáryfirlit ........................................ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........................................ 8

Skýringar ........................................ 9-11

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Óendurskoðaður árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur félagsins fyrstu sex mánuði ársins námu 27.229 m.kr. sem er 2,5% lækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 409 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður félagsins 397 m.kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 13.899 m.kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.000 m.kr.

Á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2014 var samþykkt að greiða arð að fjárhæð 1.650 m.kr. Arðurinn var greiddur hluthöfum 28. apríl. Á aðalfundi var samþykkt tillaga stjórnar um að félaginu yrði veitt heimild til að kaupa allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Heimildin hefur ekki verið nýtt.

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 2.853 talsins, en þeir voru 5.164 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru:

| | |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 14,2% |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild | 7,8% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 7,5% |
| Stafir lífeyrissjóður | 5,9% |
| Landsbankinn hf. | 5,8% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 5,0% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 4,3% |
| Íslandsbanki hf. | 4,3% |
| A.C.S safnreikningur I | 3,6% |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild | 3,3% |

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2014 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 28. ágúst 2014

Stjórn N1 hf.

____________________________

Margrét Guðmundsdóttir

____________________________

Helgi Magnússon

____________________________

Kristín Guðmundsdóttir

____________________________

Guðmundur Óskarsson

Forstjóri

____________________________

Eggert Benedikt Guðmundsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samandregna árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 28. ágúst 2014

Ernst & Young ehf.

Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2014

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 2014 1.4.-30.6. | Annar ársfjórðungur 2013 1.4.-30.6. | Tveir ársfjórðungar 2014 1.1.-30.6. | Tveir ársfjórðungar 2013 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 7 | 15.679.254 | 14.941.044 | 27.004.496 | 27.723.910 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 12.998.295) | ( 12.727.014) | ( 22.566.345) | ( 23.662.344) |
| Framlegð af vörusölu | 8 | 2.680.959 | 2.214.030 | 4.438.151 | 4.061.566 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 134.951 | 95.558 | 224.732 | 199.750 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | ( 993.426) | ( 1.010.178) | ( 1.940.910) | ( 1.884.059) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 620.146) | ( 549.756) | ( 1.045.777) | ( 981.708) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 408.805) | ( 462.459) | ( 762.202) | ( 829.465) |
| | | ( 2.022.377) | ( 2.022.393) | ( 3.748.889) | ( 3.695.232) |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 793.533 | 287.195 | 913.994 | 566.084 |
| Afskriftir | | ( 170.513) | ( 160.091) | ( 349.713) | ( 345.040) |
| Rekstrarhagnaður | | 623.020 | 127.104 | 564.281 | 221.044 |
| Fjármunatekjur | | 87.150 | 64.200 | 174.058 | 110.705 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 105.978) | ( 155.439) | ( 240.515) | ( 347.161) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 14.673 | 21.305 | 27.527 | 69.903 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | | ( 12.685) | 30.249 | ( 17.490) | 74.150 |
| | | ( 16.840) | ( 39.685) | ( 56.420) | ( 92.403) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 606.180 | 87.419 | 507.861 | 128.641 |
| Tekjuskattur | 10 | ( 119.480) | ( 10.001) | ( 98.406) | ( 28) |
| Hagnaður tímabilsins | | 486.700 | 77.418 | 409.455 | 128.613 |
| Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning: | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | ( 3.394) | 4.532 | ( 12.069) | ( 24.168) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 483.306 | 81.950 | 397.386 | 104.445 |
| Hagnaður á hlut: | | | | | |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | | 0,49 | 0,08 | 0,41 | 0,13 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2014

| | Skýr. | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 381.601 | 400.285 |
| Rekstrarfjármunir | | 9.617.043 | 9.720.947 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.393.318 | 1.377.860 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 268.932 | 286.422 |
| Skuldabréfaeign | | 24.093 | 20.495 |
| Fastafjármunir | | 11.684.987 | 11.806.009 |
| Birgðir | | 4.516.180 | 4.317.801 |
| Viðskiptakröfur | | 4.943.509 | 3.150.385 |
| Kröfur á tengda aðila | | 8.066 | 47.557 |
| Rekstrarfjármunir til sölu | | 948.142 | 948.142 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 1.559.673 | 509.073 |
| Handbært fé | | 3.541.729 | 6.019.414 |
| Veltufjármunir | | 15.517.299 | 14.992.372 |
| Eignir samtals | | 27.202.286 | 26.798.381 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 11.865.427 | 11.865.427 |
| Lögbundinn varasjóður | | 250.000 | 250.000 |
| Endurmatsreikningur | | 398.763 | 413.237 |
| Þýðingarmunur | | ( 41.205) | ( 29.135) |
| Óráðstafað eigið fé | | 426.243 | 1.652.313 |
| Eigið fé | | 13.899.228 | 15.151.842 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 6.370.000 | 6.580.000 |
| Tekjuskattskuldbinding | 11 | 87.846 | 45.439 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 226.584 | 241.689 |
| Langtímaskuldir | | 6.684.430 | 6.867.128 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 3.999 | 41.399 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 3.605.856 | 2.413.362 |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 583.373 | 350.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.312.377 | 1.187.579 |
| Skuldir við tengda aðila | | 227.104 | 134.449 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 252.532 | 235.676 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 633.387 | 416.946 |
| Skammtímaskuldir | | 6.618.628 | 4.779.411 |
| Skuldir samtals | | 13.303.058 | 11.646.539 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 27.202.286 | 26.798.381 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2014

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað (ójafnað) eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2014** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2014 | 1.000.000 | 11.865.427 | 250.000 | 413.237 | ( 29.135) | 1.652.313 | 15.151.842 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | ( 12.069) | 409.455 | 397.386 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 14.474) | | 14.474 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (1,65 kr. á hlut) | | | | | | ( 1.650.000) | ( 1.650.000) |
| Eigið fé 30.6.2014 | 1.000.000 | 11.865.427 | 250.000 | 398.763 | ( 41.205) | 426.243 | 13.899.228 |
| **1. janúar til 30. júní 2013** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 0 | 443.752 | 3.031 | 1.201.725 | 14.513.935 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | ( 24.168) | 128.613 | 104.445 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 20.433) | | 20.433 | 0 |
| Eigið fé 30.6.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 0 | 423.319 | ( 21.137) | 1.350.771 | 14.618.380 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2014

| | Skýr. | 2014<br>1.1.-30.6. | 2013<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 913.994 | 566.084 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (39.197) | (5.230) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | (15.106) | (15.106) |
| | | 859.691 | 545.748 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | | (169.721) | 246.270 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | (2.882.640) | (864.805) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | 1.780.745 | 1.111.849 |
| | | (1.271.616) | 493.314 |
| Innborgaðir vextir | | 168.671 | 114.193 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | | (7.186) | (10.402) |
| Greiddur tekjuskattur | | (93.399) | 0 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | (343.839) | 1.142.853 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (11.869) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (288.402) | (933.451) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 112.343 | 1.938.515 |
| Fenginn arður | | 7.854 | 0 |
| Keyptir eignarhlutir í félögum | | 0 | (1.656) |
| Seldir eignarhlutir í félögum | | 0 | 685 |
| Lán til tengds aðila | | 0 | (30.000) |
| Innheimt lán frá tengdum aðila | | 0 | 30.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (180.074) | 1.004.093 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | | (1.505.947) | 0 |
| Afborganir af skuldum við lánastofnanir | | (210.000) | (340.000) |
| Greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir | | (237.825) | (330.480) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (1.953.772) | (670.480) |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé | | (2.477.685) | 1.476.466 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 6.019.414 | 2.507.504 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 3.541.729 | 3.983.970 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 28. ágúst 2014.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur N1 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2013.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.n1.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Nokkrir nýir staðlar og viðbætur við staðla tóku gildi í upphafi ársins en hafa ekki áhrif á reikningsskil félagsins.

## 4. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 6. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Af því leiðir að bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er hærra í lok júní en í árslok.

## 7. Sala

| | 2014<br>1.1.-30.6. | 2013<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 22.211.206 | 21.969.319 |
| Aðrar vörur | 4.793.290 | 5.754.591 |
| Sala samtals | 27.004.496 | 27.723.910 |

## 8. Framlegð af vörusölu

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 2.430.057 | 2.176.083 |
| Aðrar vörur | 2.008.094 | 1.885.483 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 4.438.151 | 4.061.566 |

### 9. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddar birgðir | 416.681 | 23.404 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 139.925 | 74.017 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 867.249 | 364.040 |
| Aðrar skammtímakröfur | 135.818 | 47.612 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 1.559.673 | 509.073 |

### 10. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2014 1.1.-30.6. | | 2013 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 507.861 | | 128.641 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | ( 101.572) | 20,0% | ( 25.728) |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,8% | ( 3.910) | 3,8% | ( 4.936) |
| Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum | ( 1,4% ) | 7.076 | ( 23,1% ) | 29.656 |
| Aðrir liðir | 0,0% | 0 | ( 0,8% ) | 980 |
| Virkur tekjuskattur | 19,4% | ( 98.406) | 0,0% | ( 28) |

### 11. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Viðskiptakröfur | 0 | 40.284 |
| Aðrir liðir | 4.150 | 3.574 |
| | 4.150 | 43.858 |
| **Skuldir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 14.839 | 4.756 |
| Óefnislegar eignir | 64.407 | 69.983 |
| Viðskiptakröfur | 4.675 | 0 |
| Gengismunur | 8.075 | 14.558 |
| | 91.996 | 89.297 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 87.846 | 45.439 |

### 12. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi lán greinast þannig:

| | 30.6.2014 | | 31.12.2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán (langtímahluti) | 6,8% | 6.370.000 | 7,0% | 6.580.000 |
| Óverðtryggt lán (skammtímahluti) | 6,8% | 350.000 | 7,0% | 350.000 |
| | | 6.720.000 | | 6.930.000 |
| Skammtímalán USD | 3,3% | 233.373 | | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | | 6.953.373 | | 6.930.000 |

## 12. Skuldir við lánastofnanir, frh.:

Afborganir óverðtryggðs langtímaláns greinast þannig á næstu ár:

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Árið 2014 | 140.000 | 350.000 |
| Árið 2015 | 350.000 | 350.000 |
| Árið 2016 | 350.000 | 350.000 |
| Árið 2017 | 350.000 | 350.000 |
| Árið 2018 | 350.000 | 350.000 |
| Til greiðslu síðar | 5.180.000 | 5.180.000 |
| | 6.720.000 | 6.930.000 |

## 13. Kennitölur

| Helstu kennitölur félagsins: | 2014<br>1.1.-30.6. | 2013<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: vörunotkun * / vörubirgðir í lok tímabilsins | 9,99 | 8,64 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: Viðskiptakröfur í lok tímabilsins / seldar vörur og þjónusta | 33 | 32 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu | 20,6% | 13,9% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður / framlegð af vörusölu | 43,7% | 46,4% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu | 23,6% | 24,2% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu | 17,2% | 20,4% |

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: veltufjármunir / skammtímaskuldir | 2,34 | 3,14 |
| Lausafjárhlutfall: (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 1,66 | 2,23 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA ** | 1,64 | 0,56 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn | 51,1% | 56,5% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma tímabilsins * / meðalstaða eigin fjár | 5,6% | 4,5% |

* Rekstrarfjárhæðir eru reiknaðar á ársgrundvelli.
** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða.

## 14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í maí tók félagið kauptilboði í fasteignina að Ægisíðu 102 og áætlað var að starfsemi að Ægisíðu yrði hætt á haustmánuðum. Vafi er á að kaupin gangi eftir og líklegt að starfsemi á Ægisíðu verði áfram að óbreyttu.